

EFTIRLÆTIS MOZART

Matthew Halls, hljómsveitarstjóri
Martin Fröst, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2009/10



aðalstyrktaraðilar

BORGUN

Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 29. október 2009 kl. 19.30

Matthew Halls, hljómsveitarstjóri
Martin Fröst, einleikari

EFTIRLÆTIS MOZART

Wolfgang Amadeus Mozart **Brúðkaup Fígarós K. 492, forleikur**

Klarínettukonsert í A-dúr, K. 622

Allegro

Adagio

Rondo. Allegro

Hlé

Sinfónía nr. 40 í g-moll, K. 550

Molto allegro

Andante

Menuetto. Allegretto

Allegro assai



RÁS 1

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og síðan aðgengilegir í fjórar vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á meðan tónleikum stendur.



Breski stjórnandinn Matthew Halls hefur þrútt fyrir ungan aldur getið sér gott orð fyrir starf sitt sem listrænn stjórnandi tónlistarhópsins The King's Consort, sem hann hefur stýrt í tónleikasölum á borð við Concertgebouw í Amsterdam, La Cité de la Musique í París og Konserthúsinu í Berlín. Hann hefur stjórnað óperuflutningi við Bæversku þjóðaróperuna, Komische Oper í Berlín, og í Lincoln Center í New York, auk þess sem hann hefur komið fram á Wiener Festwochen. Hann hefur bæði stjórnað hljómsveitar- og kórtónlist við góðan orðstír og verkefnaval hans spannar tónskáld allt frá Byrd til Britten, frá Gesualdo til Schönbergs.

Halls hefur meðal annars stýrt Útvarps-hljómsveitinni í Berlín og London Mozart Players, og fyrr á árinu kom hann fram á Edinborgarhátíðinni. Hann nam tónlist við Oxford-háskóla, er semballeikari að mennt og kemur enn fram sem slíkur, meðal annars í South Bank Centre og Wigmore Hall, og hefur leikið Goldberg-tilbrigði Bachs m.a. í Ísrael, Ottawa og Moskvu. Halls hefur nýverið tekið við listrænni stjórn Retrospect Ensemble, sem kemur reglulega fram á tónleikum í Wigmore Hall og hljóðritar fyrir Linn Records. Þá stjórnar hann Barokkhljómsveit Evrópusambandsins og kennir við Dartington-sumarskólann á Bretlandi.

MARTIN FRÖST Á ÍSLANDI

Martin Fröst hefur einu sinni áður leikið á Íslandi, ásamt Þorsteini Gauta Sigurðssyni í Íslensku óperunni sumarið 2000. Um þá tónleika sagði Jón Ásgeirsson í gagnrýni sinni í Morgunblaðinu: „Auk þess að flutt var góð tónlist er engum vafa undirorpið að Martin Fröst er snillingur á klarinett hvað varðar tækni og túlkun, bæði leikræna og músíklega.“ Fröst er væntanlegur aftur til Íslands í apríl 2010 og leikur þá klarinettukonsert eftir Kalevi Aho með SÍ.

MARTIN FRÖST

Einleikari

Sænski klarínnettuvirtúósinn Martin Fröst þykir einn fremsti ungi tónlistarmaður Norðurlanda. Hann sigraði í Biennal ungra norræna hljóðfærleikara árið 1991 og skaust upp á stjörnuhimininn í kjölfarið. Framundan hjá honum eru m.a. tónleikar á Salzburgerhátiðinni með Leif Ove Andsnes og með Fílharmóníuhljómsveit New York-borgar undir stjórn Alans Gilbert. Hann hefur starfað náið með fídluleikaranum Janine Jansen, leikið með Camerata Salzburg á Mozartviku borgarinnar, og komið fram á Proms-tónlistarhátiðinni undir stjórn Gustavos Dudamel. Fröst er staðarlistamaður SÍ starfsárið 2009-10 og ekki er það í fyrsta sinn sem hann gegnir slíkri stöðu; hljómsveitir í Gautaborg, Hamborg, Köln og Dortmund hafa veitt honum slíka sæmd.



Fröst hefur vakið mikla athygli fyrir að kanna óvenjulegar hliðar tónlistarflutnings, til dæmis með konsertinum *Páfuglssögum* eftir Anders Hillborg þar sem dansi og tónlist er blandað saman á nýstárlegan hátt. Þá frumflutti Fröst nýjan klarínnettukonsert eftir Kalevi Aho með BBC-sinfóníunni árið 2006, og þann konsert leikur hann með Sinfóníuhljómsveit Íslands í apríl 2010. Þess má geta að Fröst leikur ásamt Víkingi Heiðari Ólafssyni á tónleikum í Salnum, Kópavogi, á laugardag kl. 17.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Verkin sem flutt eru á þessum tónleikum hafa heyrst ótal sinnum á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það var í júní 1950 sem söngvarar úr Konunglegu óperunni í Stokkhólmi fluttu Brúðkaup Fígarós á sviði Þjóðleikhússins við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Kurts Bendix. Næst heyrðist forleikurinn sex árum síðar, þegar Páll Ísólfsson stýrði hljómsveitinni á tónleikum í Þjóðleikhúsinu.

W. A. MOZART

Brúðkaup Fígarós, forleikur

Árið 1781 markaði tímamót á ferli Wolfgangs Amadeusar Mozarts (1756-1791); eftir langvarandi útistöður við vinnuveitanda sinn, Colloredo erkibiskup af Salzburg, fluttist tónskáldið frá smábænum við Salzach-fljót til Vínarborgar. Með þessu gekk hann þvert á óskir Leopolds föður síns, en stórborgin heillaði og hafði upp á margt að bjóða, ekki síst óperuhús. Mozart hafði alla tíð dreymt um að verða óperuskáld og eygði tækifæri til að öðlast frama á þeim vettvangi við austurrísku hirðina. Ekki gekk það eins og hann hafði sjálfur óskað sér, en þó fékk hann tækifæri bæði við Burgtheater, sem var eins konar gæluverkefni Jósefs II keisara og átti meðal annars að koma þýskri óperu á legg (*Brottnámið úr kvennabúrinu*, 1782). Það er dapurleg staðreynd að fjögur ár liðu þar til hann fékk aftur að spreyta sig á óperusmíði við hirðina, og líklega má ekki síst kenna því um að keisarinn sjálfur var ekki alls kostar ánægður með fyrrnefnt verk – eins og ummælin frægu, „Of margar nótur, kæri Mozart“ eru til vitnis um.

Þegar Mozart bauðst að semja nýja óperu við Burgtheater árið 1786 tefldi hann á tæpasta vað. Hann hafði fengið til liðs við sig ítalskan ævintýramann að nafni Lorenzo da Ponte til að semja óperutextann, en það var eldfimt val tónskáldsins á söguefni sem vakti athygli manna því að leikrit Pierres Beaumarchais um brúðkaup Fígarós (*La folle journée, ou le Mariage de Figaro*, 1784) hafði verið bannað bæði í París og Vínarborg. Í óperunni ris þjónustufólkið öndvert gegn aðalnum (Almaviva greifa) sem hyggst notfæra sér aldagamlan rétt sinn og njóta meydóms Súsönnu áður en hún gengur að eiga Fígaró – og hefur betur í viðureigninni. Að sýna slíkan leik í kraumandi ólgu-sjónum í aðdraganda frönsku byltingarinnar þótti mikið hættuspil.

Þó fékk Mozart leyfi til að tónsetja leikritið og raunar vakti óperan mikla hrifningu Vínarbúa þótt ekki væri hún sýnd nema níu sinnum árið 1786. Það tíðkaðist að klappa upp númerin sem féllu vel í kramið og á frumsýningu þurfti að endurtaka fimm númer; á næstu sýningu voru þau sjö. Þar sem óperan er í lengra lagi fól keisarinn Rosenberg greifa að gefa út tilmæli þess efnis að eingöngu mætti klappa upp ariur – en ekki dúetta eða stærri senur – til að halda lengdinni í skefjum. Fígaró hlaut dágóðar undirtektir í Prag skömmu síðar sem leiddu til þess að Mozart var beðinn að semja *Don Giovanni*, og þegar Fígaró komst aftur á fjalirnar í Vínarborg 1789 varð hrifningin svo mikil að þeir da Ponte tóku höndum saman í þriðja og síðasta sinn og sömdu óperuna *Così fan tutte*.

Líkur hafa verið leiddar að því að megnið af óperunni hafi verið samið á aðeins sex vikum vorið 1786. Forleikurinn hefur væntanlega beðið þar til síðast og tengist efni óperunnar aðeins óbeint. „Brjálaði dagurinn“ sem gefinn er til kynna með undirtitli óperunnar (*La folle giornata*) er túlkaður með iðandi sextándupörtum;

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Það var Elísabet Haraldsdóttir sem fyrst lék klarínettukonsert Mozarts með SÍ, í Austurbæjarbíói árið 1953. Síðan hafa m.a. leikið einleik í verkinu Egill Jónsson (1956), Einar Jóhannesson (1984, 1985 og 2001) og Sigurður I. Snorrason (1997).

hér ríkir kátína og eftirvænting í ríkum mæli. Bjartur og opinn hljómur forleiksins setur sömuleiðis sviðið fyrir það sem koma skal, því að í óperunni allri er aðeins eitt númer í moll – aría Barbarinu í fjórða þætti. Annars er glaðværðin allsráðandi allt frá fyrsta takti enda vandfundinn vinsælli forleikur hvort sem er í óperugryfjum heimsins eða konsertsölum.

W. A. MOZART

Klarínettukonsert

Á síðustu áratugum 18. aldarinnar tók nýtt hljóðfæri, klarínett, að ryðja sér til rúms bæði í einleik og hljómsveitarspili. Mozart hafði fyrst samið fyrir slíkan grip árið 1771 en það var ekki fyrr en löngu síðar að hann komst í kynni við fyrsta flokks einleikara sem varð hvatinn að bæði klarínettukvintettinum K. 581 og konsertinum sem hér hljómar. Anton Stadler var frímúrari eins og Mozart og þeir áttu tvö áhugamál sameiginleg: tónlist og fjárhættuspil. Stadler var virtur einleikari og fastráðinn við hljómsveit Galitzin prins, rússneska sendiherrans í Vínarborg – afabarn prinsins átti síðar eftir að verða einn helsti stuðningsmaður Beethovens. Af tónlistinni að dæma var Mozart hugfanginn af list Stadlers. Auk kvintetts og konserts samdi hann Kegelstatt-tríóíð fyrir klarínett, lágfíðlu og píanó, og þegar átti að frumflytja *La clemenza di Tito* í Prag í september 1791 var Stadler með í för; engum öðrum var treystandi fyrir snúnum einleiksstrófunum í tveimur aríum, *Parto, parto* og *Non più di fiori*.

Mozart hafði varla samið neitt að ráði árið 1790 en síðasta árið sem hann lifði var hagrur hans aftur tekinn að vænkast og nú runnu meistaraverkin fram eitt af öðru: tvær gjörólíkar óperur, strengjakvintett, drög að sálumessu, fjöldi dansa fyrir austurrísku hirðina og ýmislegt fleira. Það var eftir heimkomuna frá Prag haustið 1791 sem Mozart tók að semja klarínettukonsertinn. Hann átti í förum sínum 199 takta drög að konserti fyrir bassetthorn, sennilega frá því tveimur árum áður, sem hann gat notað sem útgangspunkt. Um leið og hann setti síðasta tvískrikið aftan við *Töfraflautuna 28*. september gat hann hafist handa við nýja verkið, og 8. október skrifaði hann eiginkonu sinni í Baden-Baden að hann ynni að því að hreinskrifa raddskrána að „rondóinu hans Stadlers“. Konsertinn var síðasta stóra verkið sem Mozart náði að fullgera áður en hann lést. Hann veiktist alvarlega 20. nóvember og tveimur vikum síðar var hann allur.

Eins og mörg önnur verk Mozarts í A-dúr (t.d. píanókonsertinn K. 488) er klarínettukonsertinn bjartur og heiðskír, en á lágstemmdum nótum. Fyrsti þátturinn er næstum ójarðneskur, upphafin fegurðin engu lík. Aldrei hafði hann notað flauturnar af jafnmikilli nærgætni í hljómsveitarmeðleik; aldrei hafði hann heldur léð undirstöðu hljómannanna svo gegnsæjan blæ með því að nota selló án kontrabassa til að breyta um

lit. Hægi kafllinn er Adagio, sem er fremur sjaldséð hraðaforskrift hjá Mozart og til marks um að hér sé nokkur alvara á ferð. Rondóið er einfalt og glaðvært, en um leið friðsælt og býr yfir djúpri visku. Þótt Mozart hafi ekki séð fyrir örlög sín er erfitt að heyra slíka tónlist án þess að minnst þess að hér er á ferðinni svanasöngur eins mesta tónsnillings allra tíma. Svo vitnað sé í tónlistarfræðinginn H.C. Robbins Landon: „Hér brosir tónlistin gegnum tárin.“

W. A. MOZART

Sinfónía nr. 40

Menn hafa löngum brotið heilann um hvaða félagslegu eða sálfræðilegu kringumstæður urðu til þess að Mozart samdi þrjár mestu sinfóníur sínar á innan við átta vikum sumarið 1788. Þá var ferill hans í Vínarborg um það bil að ná lágpunkti sínum og fjárhagserfiðleikar hans að hefjast fyrir alvöru. Talið er að árið 1788 hafi Mozart þénað um 1600 flórínur, ríflega helmingi minna en fjórum árum áður. Mozart tók að slá vini og kunningja um lán og brátt varð til víthringur þar sem hann þurfti stöðugt að taka ný lán til að fjármagna vextina af þeim gömlu. Í júní 1788 – mánuði áður en hann lauk við g-moll sinfóníuna K. 550 – ritaði Mozart vini sínum og reglubróður Michael Puchberg örvæntingarfull og niðurlægjandi bréf með beiðnum um lán þar til ferill hans kæmist aftur á flug. Bréfin urðu alls 21 talsins og í þeim bað Mozart samtals um 4000 flórínur. Puchberg lánaði honum samtals 1415.

Mozart var ekki einn um að eiga í erfiðleikum um þessar mundir; kreppa ríkti í veldi Habsborgara. Jósef II Austurríkiskeisari háði stríð við Tyrki í nafni Katrínar, keisaraynju Rússa, en ekki fór betur en svo að herinn sneri heim árið 1790 eftir þriggja ára dýrkeypta niðurlægingu. Samdráttur í Vínarborg hafði afleið áhrif á listalíf borgarinnar: aðalsfólk dvaldi heldur í Ungverjalandi, einkahljómssveitir lögðust af og tónleikum fækkaði. Mozart fékk enga óperuþöntun á stríðsárunum og áform um tónleikahald í Vínarborg urðu öll að engu.

Af sinfóniska tríóinu frá 1788 – hinar eru Es-dúr sinfónían K. 543 og Júpíter-sinfónían í C-dúr K. 551 – er sinfónían í g-moll sú dramatískasta. G-moll skipaði sérstakan sess í huga Mozarts; í verkum hans er tóntegundin þrungin tilfinningu og getur rúmað bæði mikla ástríðu og djúpa sorg. Fyrsti kafllinn hefst á stafi sem flestir þekkja, en hafa kannski ekki hugleitt hversu mikil nýlunda það þótti árið 1788 að sinfónía hæfist með veiku spili, og það með næstum heilum takti af ólgandi undirleik áður en ákaft og andstutt aðalstefið heyrir í fiðlunum. Seinna stefið í sönötuforminu er öllu blíðara – fiðlur og klarínnett kallast á – en þó má hér heyra ávæning af krómátískri

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónía nr. 40 var fyrsta sinfónía Mozarts sem hljómaði á tónleikum á Íslandi, í flutningi Filharmóníuhljómsveitar Hamborgar undir stjórn Jóns Leifs árið 1926. Sinfóníuhljómsveit Íslands hafði ekki starfað nema í tvo mánuði þegar Róbert A. Ottósson stýrði flutningi verksins í Þjóðleikhúsinu í maí 1950. Síðan hafa m.a. stjórnað verkinu þeir Vladimir Ashkenazy (1974), Jean-Pierre Jacquillat (1977) og Peter Maxwell Davies (1992).

raddfærslu sem setur heldur betur mark sitt á verkið áður en yfir lýkur.

Í úrvinnslunni kennir ýmissa grasa. Meðal nýstárlegustu uppátækja Mozarts er Bachískur – þ.e. „gamaldags“ – kontrapunktur þar sem blandast saman upphafsstefið, tifandi staccato-áttundupartar og magnþrungin blásarakrómatík. Nokkru áður en Mozart samdi g-moll sinfóníuna hafði hann tekið að kynna sér tónlist Bachs af meiri kostgæfni en áður, ekki síst fyrir tilstuðlan Gottfrieds van Swieten, sem var barón, hirðbókavörður og yfirmaður menntamála í Vínarborg. Swieten var mikill áhugamaður um barokktónlist og í nótnasafni hans mátti finna verk eftir J.S. Bach og Händel, sem annars lágu ekki á lausu á þessum tíma. Afraksturinn af Bach-stúdium Mozarts má meðal annars heyra í upphafs- og lokapáttum g-moll sinfóníunnar, og ekki síður í Júpíter-sinfóníunni sem fylgdi í kjölfarið nokkrum vikum síðar.

Hægi kaflinn er lengsti þáttur sinfóníunnar, næstum helmingi lengri en sá fyrsti séu báðir hlutar hans endurteknir eins og Mozart gefur fyrirmæli um. Upphafið er ofureinfalt, en ekki líður á löngu þar til annað hljóð kemur í strokkinn. Kaflinn er sneisafullur af tjáningarríkrri krómatík og ágengum ómstríðum, svo að hljómrænu ímyndunarafli Mozarts virðast engin takmörk sett. Í menúettinum koma bæði fyrir þétttriðinn kontrapunktur og krómatískar fagottlínur sem eru dæmigerðar fyrir síðasta tónsmíðaskeið Mozarts. Tríóið, þar sem strengir og blásarar kallast á, er mun afslappaðra og næstum sveitalegt – og eina skiptið í verkinu þar sem Mozart færir sig yfir í G-dúr.

Í lokapættinum tekur Mozart aftur upp dramatískan þráð úr fyrsta kafla. Upphafsstefið er eftirtektarvert fyrir öfgakennda dýnamík, en seinna aðalstef kaflans er öllu blíðara eins og vera ber. Einna merkastir eru upphafstaktar úrvinnslunnar sem geta vart talist minna en tónsmíðalegt „tour de force.“ Upphafsstefið fer „út af sporinu“ í miðjum klíðum og er engu líkara en að Mozart hafi skyndilega tapað áttum. Nótur hljóma á stangli hér og þar, algerlega ófyrirséðar bæði hvað varðar tónhæð og rytma. Hér má jafnvel segja að Mozart sé riflega hálfra aðra öld á undan samtíð sinni, því að í átta tóktum vantar aðeins eina nótu upp á að hann noti alla tólf krómatísku tónana á nærri Schönbergskan hátt. Leikurinn verður enn snjallari fyrir það að eini tónninn sem upp á vantar er einmitt grunntónn sinfóníunnar: G. Eftir svo óvænt framtíðarstökk lítur Mozart því næst í hina áttina, með fjörmiklum fúgató-kafla í barokkstíl. Síðan færir hann okkur í örugga höfn með kröftugu niðurlagi, og er vart til of mikils mælst eftir allt sem á undan er gengið.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 29. OKTÓBER 2009

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Una Sveinbjarnardóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Joanna Bauer
Mark Reedman
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Margrét Þorsteinsdóttir

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Þórir Jóhannsson

Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason

Fagott

Brjánn Ingason
Hafsteinn Guðmundsson

Horn

Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Pákur

Frank Aarnink

samstarfsaðilar

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



PIPAE • SÍA • 2017

Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is



JÓNSSON & L'EMACÉS • Júlíe • SÍA

Borgun auðveldar viðskipti og hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í nær 30 ár.

MEÐ BORGUN
TEKUR ÞÚ VIÐ
ÖLLUM KORTUM

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is